

Alþingi
Erindi nr. P 138/334
komudagur 30.11.2009

30.11.2009

Nefndarsvið Alþingis.

Stéttarfélag klínískra Tannsmíðameistara mótmæla harðlega að leggja eigi niður lög um klíniska tannsmíði
að þeim forspurðum.

Með bestu kveðju

Stéttarfélag klínískra tannsmíðameistara
Íris Bryndís Guðnadóttir formaður
Klíniskur tannsmíðameistari og tanntæknir
Hátúni 8
105 Reykjavík

Frumvarp til lafa um heilbrigðisstéttir

Mál 116

Lög um starfsréttindi tannsmiða nr.109/2000 Sbr 32.gr 15

Félag klínískra tannsmiða vill gera eftirfarandi athugasemdir við lagafrumvarp þess efnis að tannsmiðir verði gerðir að heilbrigðisstétt. Láðst hefur að biðja félagið um umsögn og áskilur það sér rétt til að gera ítarlegri athugasemdir síðar:

Félagið bendir á að tannsmiðir voru fyrir nokkrum áratugum heilbrigðisstétt en ákveðið var að þeir yrðu löggilt iðngrein á grundvelli iðnaðarlaga. Telur félagið, án þess að skilgreina það nánar hér, að farsælast væri að þeir yrðu áfram iðnstétt en nám hafa þeir stundað í Tannsmiðaskólanum í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Engin haldbær rök hafa komið fram um það hvers vegna ekki eigi að vera unnt að stunda framhaldsnám á háskólastigi í greininni. A.m.k. telur félagið að klínískir tannsmiðir eigi að geta verið iðnstétt áfram ef almennir tannsmiðir telja annað í lagi fyrir sitt leyti. Þeir klínísku tannsmiðir, sem hafa starfsleyfi, stunduðu sitt viðbótarnám í Danmörku sem gæti þróast áfram með hagkvæmum hætti eins og þar í landi.

Þá vill félagið benda sérstaklega á lög nr. 109/2000 um starfsréttindi tannsmiða en á grundvelli þeirra hafa klínískir tannsmiðir áunnið sér mikilvæg starfsréttindi og almennir tannsmiðir réttindi til að verða klínískir tannsmiðir á grundvelli náms og með ákveðnum skilyrðum. Verður að tryggja ef kerfinu verður breytt að áunnin réttindi haldist í samræmi við viðurkennd viðhorf í atvinnulöggjöf. Sama gildir um áunnin réttindi á grundvelli laganna í reglugerð nr. 904/2000 um starfsréttindi tannsmiða og reglur nr. 937/2000 um takmörkun á starfsréttindum tannsmiða. Reglugerðina og reglurnar hefur iðnaðarráðuneytið sett.

Félagið er reiðubúið að senda fulltúa á fund í heilbrigðisnefnd til að útskýra afstöðu sína nánar.

Stéttafélags Klínískra Tannsmiðameistara kt 640409-1770

Íris Bryndís Guðnadóttir, formaður

klínískur tannsmiður og tanntæknir

Hátún . 105 Reykjavík

sími 5525511 gsm .8921158